

Föstudaginn 9. mars 1984

Nr. 41/1982. **Læknaþjónustan s/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

heilbrigðisráðherra

f.h. ríkisspítalanna

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Verklaun. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 70.742.00 krónur auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. júní 1981 til 21. apríl 1982, 4% dráttarvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvaxta frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% dráttarvaxta frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3.25% dráttarvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 2.5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er Læknaþjónustan s/f talin hafa verið stofnuð 16. maí 1981 af sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp stöðum sínum við ríkisspítalana, Borgarspítalann og Landakotsspítala í Reykjavík vegna óánægju með launakjör sín og dóm Kjaradóms í kjaradómsmálinu nr. 5/1979: Læknafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Var tilgangur félagsins eftir félagssamningi „að annast sölu lækniþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðila.“ Stóð félagsstofnunin þannig í beinum tengslum við það, að ætla mátti, að óhjákvæmilegt yrði

fyrir sjúkrastofnanir að leita til lækna þeirra, sem hætt höfðu störfum, ef unnt ætti að vera að sinna brýnustu þörfum sjúklinga. Eftir sem áður var þó haldið áfram tilraunum til að ná samkomulagi um þann ágreining, sem leitt hafði til uppsagnanna, og tókst það eigi löngu síðar eða 24. júní 1981. Hurfu lækarnir þá almennt til fyrri starfa. Er ekkert komið fram um, að neins konar samningar þeirra við Læknabjónustuna s/f hafi staðið því í vegi, að þeir gætu fyrirvaralaust tekið upp fyrri störf.

Í málinu krefur áfrýjandi, Læknabjónustan s/f, stefndu um greiðslu fyrir vinnu, er 9 nafngreindir læknar leystu af hendi dagana 18.-22. maí 1981 á Landsspítalanum, Kleppsspítalanum og Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg í Reykjavík.

Stefndu höfnuðu að viðurkenna Læknabjónustuna s/f sem við-semjanda sinn um þá lækniþjónustu á sjúkrastofnunum, sem sýnt var, að leita yrði eftir hjá þeim sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp störfum sem „lausráðnir læknar“, svo og að viðurkenna þá gjaldskrá, sem stjórn Læknabjónustunnar s/f samþykkti og tilkynnti 17. maí. Gat fyrirsvarsmönnum hennar ekki dulist þessi afstaða. Höfðu hvorki fyrirsvarsmennirnir sé einstakir læknar réttmæta ástæðu til að líta svo á, að stefndu hefðu í orði eða verki fallist á að greiða Læknabjónustunni s/f fyrir vinnu læknanna samkvæmt umræddri gjaldskrá. Ber í því sambandi að taka fram, að ekki verður með réttu litið svo á, að með áritun sinni á vinnukort læknanna hafi hlutaðeigandi yfirlæknar skuldbundið stefndu til þessa, enda var slíkt ekki á valdi yfirlæknanna.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Því hefur ekki verið haldið fram sem málsástæðu, að áfrýjandi eða aðstandendur hans hafi beitt stefndu nauðung. Kemur það atriði því ekki til úrlausnar.

Mér sýnist dómur meiri hluta dómenda á því byggður, að stefndu hafi neitað að viðurkenna Læknahjónustuna s/f sem viðsejanda sinn og að á það sjónarmið sé fallist. Hafi réttarsamband milli aðilja þessara því aldrei komist á.

Eigi eru bornar á það briggður, að yfirlæknar hafi verið um það bærir að gera ráðstafanir, sem tryggðu sjúklingum neyðarþjónustu, enda gerðu stefndu engar ráðstafanir til þess að stöðva gerðir yfirlæknanna. Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort yfirlæknar kunni að hafa misnotað heimildir sínar, þannig að bedið hafi verið um meiri eða viðtækari þjónustu en nauðsynlegt var. Með verkbeidnum eða svokölluðum vinnukortum, sem ritaðar voru á eyðublöð, sem greinilega voru merkt áfrýjanda, pöntuðu yfirlæknar þjónustu áfrýjanda, og hefur stefndu ekki tekist að sanna nein þau atvik eða aðstæður, sem geri verkbeidnir þessar marklausar. Yfirlæknarnir voru bærir um að gera þessar ráðstafanir og bökuðu því stefndu greiðsluskyldu. Hafa stefndu ekki sannað, að reikningur sá, sem er grundvöllur stefnukröfu, sé rangur eða ósanngjarn, enda málið að litlu leyti sótt og varið um það atriði.

Ég tel því, að taka beri til greina dómkröfu áfrýjanda um greiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, kr. 70.742.00, en vaxtakrafa hans verður einungis tekin til greina, svo sem hér segir: 37% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af málsatvikum og þeim vafa, sem telja verður, að sé í þessu máli, tel ég með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 10. júní 1981, af Helga V. Jónssyni hrl. f.h. Læknahjónustunnar s.f., Domus Medica, Egilsgötu 3 hér í borg, gegn heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna, Eiríksstötu 5, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, báðum hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skuld að fjárhæð kr. 70.742.- auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júní 1981 til greiðsludags og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Í stefnu er mál þetta sagt höfðað af stefnanda til greiðslu reiknings dags. 25. maí 1981 fyrir þjónustu, er félagið hafi látið stefnda (sic) í té að beiðni starfsmanna hans, en eindagi reikningsins hafi verið hinn 1. júní 1981. Í stefnu greinir stefnandi enn fremur frá því, að stefnda hafi verið send sundurliðun á hinni seldu þjónustu ásamt frumreikningi stefnanda og séu gögn þessi hjá stefnda. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða reikning þennan og beri fyrir sig, að verð hinnar seldu þjónustu sé of hátt. Stefnda hafi þó, áður en hann falaðist eftir þjónustunni, verið gerð grein fyrir verði hennar og greiðslukjörum. Engin frekari grein var gerð fyrir málavöxtum né málsástæðum í greinargerð stefnanda.

Málavextir.

Með bréfi 31. júlí 1979 sagði Læknafélag Íslands upp kjarasamningi milli félagsins fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og með bréfi sama dag sagði Læknafélag Reykjavíkur upp samningi félagsins við Reykjavíkurborg um laun lausráðinna sjúkrahúslækna. Samningur þessi hafði verið gerður sem sátt fyrir Kjaradómi 11. nóvember 1977 milli Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna annarsvegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hinsvegar og fjallaði um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahúslækna, þ. e. sérfræðinga og aðstoðarlækna. Nú var það einungis Læknafélag Íslands, sem varð málsaðili fyrir Kjaradómi gegn fjármálaráðherra, en ákveðið var, að Læknafélag Reykjavíkur biði átekta. Lok uppsagnarfrestsins voru hinn 1. nóvember 1979, og skyldi Kjaradómur kveða upp dóm um ágreiningsefni kjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrestsins. Aðiljar óskuðu hins vegar eftir því, að uppsögu dóms yrði frestað, og var svo gert allt til haustsins 1980, en þá fóru fram ítarlegar sáttaumleitanir á vegum Kjaradóms að beiðni málsaðilja, en þær urðu árangurslausar. Þá lögðu málsaðiljar málið í dóm Kjaradóms, og fór munnlegur flutningur málsins fram hinn 8. janúar 1981.

Í málflutningi fyrir Kjaradómi lagði fulltrúi Læknafélags Íslands áherslu á 20% hækkun fastra launa auk breytinga á launastiga og hækkun á kaupi

fyrir bundnar vaktir aðstoðarlækna. Þessar kröfur studdi hann einkum þeim rökum, að undanfarin 15 ár hafi laun lækna sífellt farið lakkandi í samanburði við allar aðrar stéttir, og studdi hann þetta ýmsum rökum og dæmum. Varnaraðili hafnaði beinum launahækkunarkröfum sjúkrahúslækna og bar fram sín sjónarmið.

Dómur Kjaradóms féll hinn 26. febrúar 1981. Í niðurstöðu segir, að samningsréttur Læknafélags Íslands byggist á 4. mgr. 5. gr. laga nr. 46/1973, og hafi ákvæði aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings verið felld í einn kjarasamning og að aðiljar séu sammála um, að svo verði áfram. Eftir að hafa farið yfir forsendur sínar, segir Kjaradómur, að þegar litið sé til alls þessa og þeirra sjónarmiða, sem dómnum beri að gæta við úrlausnir sínar þyki rétt að hækka laun sjúkrahúslækna um 6% frá 1. desember 1980. Ennfremur séu gerðar nokkrar breytingar á sérkjaraatriðum.

Með þessum dómi Kjaradóms komst á kjarasamningur milli þessara aðilja, sem gilda skyldi til 26. febrúar 1982. Mikil óánægja varð hins vegar meðal sjúkrahúslækna með niðurstöðu dómsins, og sögðu allflestir starfandi sérfræðingar og aðstoðarlæknar upp störfum sínum á spítölum hér í borginni. Skrifstofa ríkisspítalanna fékk uppsagnarbréf læknanna um og eftir miðjan mars 1981, og var uppsagnarfrestur tveir mánuðir, og komu uppsagnir læknanna til framkvæmda eftir miðjan maímánuð, hin fyrsta 18. maí 1981.

Hinn 14. maí 1981 ritaði forstjóri ríkisspítalanna bréf til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lýsti hann því, að eins og ráðuneytinu sé kunnugt, hætti fyrstu læknar störfum vegna hópuppsagna mánudaginn 18. maí. Síðan segir: „Eins og nú horfir virðast ekki lýkur á að samkomulag náist fyrir þann tíma. Undirritaður hefur setið fundi með yfirlæknum allar deilda ríkisspítala og er ljóst að mjög fljótlega eða nánast í fyrstu viku eftir að læknar hætta störfum skapast algjört öngþveiti á spítölunum. Ýmsar deildir, svo sem gervinýra, fæðingardeild, geðdeild, krabbameinsdeild og gjörgæsludeild, svo eitthvað sé nefnt eru þess eðlis að starfsemin verði hvorki stöðvuð né úr henni dregið. Það hefur frést að læknar séu fúsir að sinna fyrri störfum gegn taxa eftir að uppsagnir taka gildi. Yfirlæknar hafa lýst þeirri afstöðu sinni að þeir muni kalla á sérfræðinga eftir þörfum og staðfesta vinnu þeirra. Nauðsynlegt er að fá upplýst:

1. Hvaða afstöðu á að taka til samdráttar í rekstri. Meðal annars með hliðsjón af því sem sagt er hér að ofan.
2. Hvaða afstöðu á að taka til vinnureikninga frá læknum samkv. þeim taxa sem þeir setja.

Stjórnendum stofnunarinnar er nauðsynlegt að afstaða heilbrigðisyfirvalda og fjárveitingarvaldsins liggi fyrir sem allra fyrst.“

Hinn 15. maí var annað bréf ritað og sent af hálfu skrifstofu ríkisspítalanna til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins og ítrekað spurt, hvort heimilt væri að kaupa nauðsynlega lækniþjónustu samkvæmt gjaldskrá lækna eftir því sem yfirlæknar telji þörf á, eftir að uppsagnirnar taki gildi. Svar ráðuneytisins er dags. 19. maí 1981, og sendi skrifstofa ríkisspítalanna það til allra yfirlækna með bréfi, dags. 20. maí. Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis kemur fram, að óhjákvæmilegt verði að draga úr lækniþjónustu og ekki verði hjá því komist að fela yfirlæknum að vísa frá verkefnum, sem ekki séu bráð (acut) og takmarka innkallanir lækna við brýnustu nauðsyn. Áhersla sé lögð á það, að gefin verði skýr og afdráttarlaus fyrirmæli í þessum efnum til allra yfirlækna. Verði óhjákvæmilegt að kveðja til aðstoðarlækna og sérfræðinga, eigi yfirlæknar að staðfesta vinnutíma þeirra, en í þeirri staðfestingu felist ekki afstaða til þess, hvaða laun viðkomandi læknir eigi að hafa fyrir unnið verk.

Hinn 17. maí 1981 barst fjármálaráðuneyti bréf frá fyrirtæki, er nefndist Læknaþjónustan s.f. Þetta var samhljóða bréfi, sem sent var yfirlæknum og stjórnendum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í bréfinu sagði, að læknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakotsspítala, hafi stofnað með sér ofanritað félag til þess að annast sölu lækniþjónustu til sjúkrahúsanna. Félagið muni fyrst um sinn hafa aðsetur í húsnaði læknafélaganna, Domus Medica hér í borg. Yfirlæknar séu beðnir að snúa sér til trúnaðarmanna félagsins með verkbeiðnir og að staðfesta vinnuskýrslur með undirritun sinni að verki loknu. Lýst var ákvörðun stjórnar félagsins um fyrirkomulag á útseldri vinnu og verði á henni, kr. 420.- fyrir sérfræðinga og kr. 294.- fyrir aðstoðarlækna. Undir bréfið rituðu formaður, varaformaður og ritari félagsins auk tveggja meðstjórnenda.

Fjármálaráðuneytið svaraði bréfi þessu hinn 19. maí 1981. Þar segir:

„Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar dags. 17.05.1981, þar sem fram kemur að fyrirtæki yðar býður sölu á lækniþjónustu til sjúkrahúsanna gegn tímakaupstaxta, sem fyrirtækið hefur ákveðið einhliða.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að um endurgjald fyrir vinnu lausráðinna lækna á ríkisspítölunum gilda ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands sbr. dóm Kjaradóms frá 26.02.1981. Kjarasamningur þessi gildir til 28. febrúar 1982 og meðan hann er í gildi eru af hálfu ráðuneytisins ekki efni til að nota aðrar greiðslureglur fyrir tilfallandi vinnu lækna á ríkisspítölum en samningurinn kveður á um. Í tilvitnuðum kjarasamningi er gert ráð fyrir að ráðning lausráðinna lækna til ríkisspítalanna fari eingöngu fram á einstaklingsgrundvelli en ekki við einstök fyrirtæki sem kunna að hafa lækniþjónustu á boðstólum. Þá er í samningnum ákvæði sem veita félagsmönnum í Læknafélagi Íslands og/

eða þeim sem það samþykkir einkarétt til að starfa að læknisstörfum á ríkisspítölunum. Samkvæmt framanrituðu telur ráðuneytið að ekki sé heimilt að lausráða lækna eða kveðja þá til starfa að ríkisspítölunum eftir öðrum reglum en tilgreindar eru í tittnefndum kjarasamningi.“

Stefnandi, Læknahjónustan s.f., svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 21. maí 1981, og segir þar, að félagið hafi nú þegar ráðið til sín lækna, sem sagt hafi upp störfum sínum á sjúkrahúsunum og gert við þá starfssamning. Umræddir lækna séu því starfsmenn fyrirtækisins og starfi samkvæmt samningi við það, en ekki samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna. Félagið muni leitast við að selja þjónustu þeirra á sama hátt og seld sé þjónusta annarra háskólamenntaðra manna. Þjónusta þessi sé fól gegn taxta, sem félagið hafi sett og tilkynnt stefnda. Þjónustan sé látin í té samkvæmt verkbeiðnum, staðfestum af sjúkrahúsunum, og félagið líti svo á, að slík staðfesting sjúkrahúsanna eða fulltrúa þeirra sé viðurkenning á taxta félagsins.

Stefndi fjármálaráðuneytið brást skjótt við og sendi bréf til stefnda skrifstofu ríkisspítalanna sama dag og áréttaði afstöðu ríkisstjórnarinnar og tilkynnti forstjóra ríkisspítalanna að tilkynna yfirlæknum ríkisspítalanna, að óheimilt sé að nota verkbeiðnir stefnanda og í þeim tilvikum, sem nauðsynlegt sé að kalla út sérfræðinga og aðstoðarlækna, sem hætt hafi störfum hjá ríkisspítölunum, beri að snúa sér til þeirra persónulega og óska eftir þjónustu þeirra. Verði yfirlækna ekki við þessum fyrirmælum, beri að upplýsa þá um það, að þeir verði persónulega ábyrgir fyrir þeim reikningum, sem þeir kunni að staðfesta.

Stefnandi brást við þessu bréfi með símskeyti, sendu 23. maí til skrifstofu ríkisspítalanna, og með bréfi, dags. 25. maí, og var nú skammt stórra høgga í milli. Í símskeytinu sagði, að félagið taki fram, að þjónusta félagsins verði ekki látin í té, verði fyrirvari gerður af spítölunum eða fulltrúum þeirra. Forstjóri ríkisspítalanna skrifaði stefnanda bréf, dags. 24. maí, og tók fram, að allar beiðnir til lækna um störf á ríkisspítölunum, meðan núverandi ástand ríki, verði gerðar til þeirra persónulega og sé það gert með vísun til 8. og 9. gr. læknalaga nr. 80/1969. Stefnda fjármálaráðherra var tilkynnt í bréfi stefnanda hinn 25. maí, að frá og með miðvikudeginum 27. maí verði þjónusta félagsins ekki seld til þeirra sjúkradeilda, sem þá undirriti enn verkbeiðnir félagsins með fyrirvara. Þetta varð til þess, að ríkistjórnin lét málið enn til sín taka og sendi frá sér yfirlýsingu vegna kjaradeilu lækna, dags. 26. maí, þar sem saga deilunnar var rifjuð upp, og svo segir: „Ríkisstjórnin lýsir vanþóknun sinni á þessum þvingunaraðgerðum lækna og vísar jafnframt verðskrá Læknahjónustunnar s.f. algerlega á bug. Breytir þar engu hvort „verkbeiðnir“ einstakra yfirlækna eða annarra stjórnenda sjúkrahúsanna hafa verið eða verða undirritaðar með

fyrirvara eða ekki.“ Ríkisstjórnin lýsti sig loks reiðubúna til að láta fara fram athugun á ýmsum þáttum starfskjara lækna með hliðsjón af kjörum annarra launþega, enda láti þeir af aðgerðum sínum.

Stefnandi sendi skrifstofu ríkisspítalanna reikning sinn, dags. 25. maí, vegna útkalla til læknisstarfa á ríkisspítölunum skv. meðf. vinnukortum, samtals kr. 70.742.-, og krafðist greiðslu, en henni var neitað af hálfu stefndu.

Stefnandi sendi frá sér yfirlýsingu vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 26. maí. Segir þar, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu vísitandi rangfærslur. Starfsmenn Læknabjónustunnar s.f. hafi sagt upp fyrri störfum sínum samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna og séu því óbundnir af launaúrskurði Kjaradóms, er féll 26. febrúar. Valdboð um frelsi til slíkrar félagsstarfsemi í landinu hljóti að vera brot á stjórnarskrá landsins. Taxi og vinnufyrirkomulag félagsins hafi verið tilkynnt sjúkrahúsunum og hlutaðeigandi yfirvöldum þegar eftir stofnun félagsins hinn 16. maí. Í framhaldi af því hafi án fyrirvara verið óskað eftir þjónustu félagsins, og það áður en læknaskortur á sjúkrahúsunum hafi verið orðinn tilfinnanlegur og án þess að neyðarástand hafi skapast. Í þessu hljóti að felast viðurkenning á taxa og þjónustu félagsins. Fullyrðingar um, að mánaðarlaun lækna „rífliga fjórfaldist“, séu rangfærslur af alvarlegasta tagi, ætlaðar til þess eins að þyrlla upp moldviðri til að hylja vanrækslu og aðgerðarleysi fjármálaráðuneytisins í réttmætri kjaradeilu sjúkrahúslækna við það. Yfirlýsingu stefnanda Læknabjónustunnar s.f. lýkur með þessum orðum:

„Læknabjónustan lýsir fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðuneytinu um það hvernig komið er í kjaradeilu sjúkrahúslækna og skorar á yfirvöld að koma á samningaviðræðum við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur þegar í stað.“

Hinn 1. júní 1981 var gefin út sameiginleg yfirlýsing Læknafélags Íslands og ríkisstjórnarinnar. Segir þar, að í óformlegum viðræðum fjármálaráðuneytisins við stjórn Læknafélags Íslands hafi aðiljar orðið ásáttir um, að fram fari viðræður þeirra í milli um starfskjör sjúkrahúslækna í ljósi þess ástands, sem skapast hafi á sjúkrahúsunum. Aðiljar séu sammála um, að þessar viðræður, sem nú séu að hefjast, snúist ekki um grunnkaupshækkanir til lækna umfram gildandi kjarasamning skv. dómi Kjaradóms. Fram hafi komið, að á nokkrum sviðum félagslegra réttindamála njóti lækna lakari réttar en aðrir ríkisstarfsmenn, og muni því viðræðurnar snúast um lagfæringar á þeim þáttum og annað, er varði réttindi og skyldur sjúkrahúslækna.

Á almennum fundi Læknabjónustunnar s.f. hinn 2. júní var samþykkt heimild stjórnar félagsins um, að hún geti dregið úr eða stöðvað sölu á þjónustu félagsins til sjúkrahúsanna föstudaginn 5. júní. Við þá ákvörðun

skuli stjórnin taka mið af fjárhagsstöðu félagsins vegna ógreiddra reikninga og stöðunni í samningaviðræðum um kjaramál sjúkrahúslækna. Ákvörðun var tekin á fundi stjórnar Læknaþjónustunnar s.f. 8. júní um að draga úr sölu á þjónutu til þeirra sjúkrahúsa, sem ekki hafi greitt framlagða reikninga félagsins, og kæmi samdrátturinn til framkvæmda að morgni þriðjudagsins 9. júní 1981 og verði útseld vinna frá þeim tíma takmörkuð við það lágmarksvaktakerfi, sem tíðkast hafi á sjúkrahúsunum á helgidögum.

Hinn 24. júní 1981 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands vegna lausráðinna sjúkrahúslækna með sér samkomulag í framhaldi af yfirlýsingu þessara aðilja frá 1. júní. Þar voru gerðar breytingar á kjarasamningi þessara aðilja samkvæmt dómi Kjaradóms frá 26. febrúar um fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, gæsluvaktartímakaup, breytingar á launastigum aðstoðarlækna, starfstíma sérfræðinga, og ýmsum slíkum ákvæðum samningsins. Stjórn St. Jósefsspítala lýsti samþykki við samkomulagið, og Reykjavíkurborg og Læknafélag Reykjavíkur gerðust aðilar að samkomulaginu og dómi Kjaradóms frá 26. febrúar 1981 með undirritun og samþykki borgarráðs og félagsfundar, og var samkomulagið samþykkt á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur sama dag. Í framhaldi af samkomulagi þessu komu lækna almennt til starfa á sjúkrahúsum í borginni hinn 25. júní 1981, og var það tilkynnt bréflaga af yfirlæknum viðkomandi deilda. Sumir lækna tilkynntu sjálfir bréflaga, að þeir muni „hefja störf hjá deildinni í samræmi við hina nýju kjarasamninga sjúkrahúslækna, sem samþykktir voru á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur 24. júní 1981“.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Læknaþjónustan s.f., styður kröfur sínar á hendur stefndu með því, að hér sé um að ræða reikning félagsins fyrir þjónustu, er látin hafi verið í té að beiðni starfsmanna stefndu, yfirlækna á spítölum. Þjónustan hafi verið fölginn í vinnu sérfræðinga og aðstoðarlækna á Landspítala, Kleppsspítala og Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg dagana 18. til 22. maí 1981 samkvæmt sundurliðuðum vinnukortum með undirskrift viðkomandi lækna og yfirlækna. Á kortunum komi nákvæmlega fram dagvinna og yfirvinna hvers læknis fyrir sig á hverri deild, og reikningurinn sé nákvæmlega sundurliðaður í dagvinnustundir og yfirvinnustundir sérfræðinga og aðstoðarlækna svo og gæsluvaktir sérfræðinga og ferðir lækna, allt samkvæmt gjaldskrá félagsins, sem kynnt hafi verið fyrirfram með bréfi 17. maí 1981. Reikningurinn sé að fjárhæð kr. 70.742.- og hafi eindagi hans verið 1. júní sl., en stefndu hafi synjað um greiðslu hans. Læknar þeir, sem veitt hafi þessa þjónustu, hafi gert það sem starfsmenn félagsins. Þeir hafi allir sagt upp störfum sínum á sjúkrahúsunum

vegna óánægju með niðurstöðu Kjaradóms og gerst starfsmenn í Læknaþjónustunni s.f. Þegar þeir hafi hætt störfum hjá stefndu hafi þeir verið teknir af launaskrá og hafi því ekki fengið neina greiðslu fyrir störf sín. Félagið hafi boðið fram þjónustu þessara lækna á ákveðnum kjörum og hafi stefndu þegið þetta tilboð og keypt þjónustuna með ákveðnum vinnustundum, sem stefndu hafi talið sér nauðsyn á að fá. Viðkomandi yfirlæknar hafi útfyllt verkbeiðnir fyrir hönd stefndu og sé hér því um verk-takasamning að ræða, eins og hjá öðrum stéttum manna. Stefndu hafi aldrei gagnrýnt gjaldskrá félagsins og hafi því félagið talið, að stefndu féllust á þessa gjaldskrá og hafi verið í góðri trú um að reikningurinn yrði greiddur, en stefndu hafi synjað greiðslu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að læknar þeir, sem gerst hafi félagsmenn í Læknaþjónustunni s.f., hafi verið bundnir af gildandi kjarasamningi. Dómur Kjaradóms hinn 26. febrúar 1981 hafi verið kjarasamningur milli Læknafélags Íslands fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og stefndu samkvæmt lögum nr. 46/1973. Læknafélag Íslands sé hinn lögformlegi samningsaðili og hafi læknarnir því verið bundnir af þessum kjarasamningi til loka gildistíma hans hinn 26. febrúar 1982. Þessu hafi aldrei verið andmælt af hálfu stefnanda og aldrei hafi verið véfengt, að kjarasamningurinn sem slíkur hafi verið í fullu gildi. Dómur Kjaradóms hafi verið fullnaðarúrlausn kjaradeilu, sem bindi aðilja hans. Þegar á sé kominn slíkur kjarasamningur, hafi hann alveg sama gildi og sömu áhrif og allir aðrir kjarasamningar stéttarfélaga og vinnuveitenda, að aðiljar öðlist ákveðin réttindi og séu bundnir af ákveðnum skyldum. Grundvallarskylda aðilja á gildistíma kjarasamnings sé friðarskyldan, skyldan til að efna ekki til ófriðar á gildistíma kjarasamnings. Skylda þessi sé veruleg forsenda kjarasamningsins og hafi lagastöð í 17. og 44. gr. hinna almennu laga á sviði kjarasamninga, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í kjarasamningi aðilja felist m.a. það, að aðiljar hans hafi skuldbundið sig til þess að knýja ekki á samningstímabilinu fram kröfur út af þeim atriðum, sem samningurinn fjalli um. Sé deila um, hvað um hafi verið samið, skeri Félagsdómur úr, þannig að ekki verði leyst úr neinum ágreiningi á gildistíma kjarasamnings með þeirri valdbeitingu, sem í verkfallsréttinum felist. Inntak friðarskyldunnar sé því beinlinis, að stéttarfélagi sé óheimilt að beita verkfallsvopninu til þess að knýja fram breytingar á gildandi kjarasamningi. Slíkt væri ólöglegt og taki stéttarfélagið því á sig beinar skyldur til að brjóta ekki gegn ákvæðum kjarasamningsins. Þessar skyldur takmarkist ekki við það eitt að efna ekki til verkfalla félagsmanna eða til ófriðar, heldur bein skylda til athafna gegn því, að einstakir félagsmenn framkvæmi athafnir, sem séu andstæðar þeim vinnufriði, sem fylgja skuli kjarasamningi. Einstakir félagsmenn Læknafélagsins hafi verið bundnir við

samninginn, persónulega bundnir þeirri samningsskyldu að halda friðinn. Uppsögn einstakra lækna á vinnu sinni hefði ekki talist brot á kjarasamningnum, en hópuppsagnir lækna hafi verið brot á friðarskyldunni. Hópuppsagnir lækna hafi beinlinis verið verkfallsaðgerðir til þess að knýja fram breytingar á kjarasamningnum og um það sé í raun ekki deilt í málinu. Hins vegar sé deilt um það, hvaða afleiðingar slíkt ólöglegt verkfall hafi. Ábyrgð á brotum á friðarskyldu felist í sektum og skaðabótum og hafi lögmaður stefnanda bent á, að slíkt falli undir valdsvið Félagsdóms. En stefndu haldi því fram, að félagsmenn stefnanda geti ekki unnið sér rétt með ólöglegu athæfi til greiðslu launa umfram ákvæði gildandi kjarasamnings. Meginregla sé, að menn geti ekki unnið sér rétt með ólöglegu athæfi og slíkan rétt megi því ekki viðurkenna í máli þessu nokkurn tíma. Verið geti, að félagsmenn í Læknafjónustunni eigi kröfu á hendur félaginu til greiðslu slíkra launa, en þeir eigi ekki rétt á hendur aðilja að gildandi kjarasamningi, stefndu í máli þessu.

Í öðru lagi benda stefndu á, að réttarsamband hafi aldrei stofnast milli þeirra og stefnanda. Yfirlæknar hafi snúið sér beint til ákveðinna lækna, sem þeir óskuðu eftir til starfa, en ekki til stefnanda eða trúnaðarmanna félagsins. Yfirlæknarnir hafi staðfest vinnutíma á vinnukort, sem stefnandi vilji kalla verkbeiðnir. Alsrei hafi yfirlæknir óskað eftir starfi verktakafyrirtækis eða gert verksamninga, heldur hafi verið gerðir vinnusamningar við ákveðna einstaklinga. Félagsmenn Læknafélags Íslands hafi átt og eigi allan forgang til vinnu á spítölunum, aðra megi ekki ráða til starfa samkvæmt kjarasamningnum. Læknafjónustan s.f. sé ekki í Læknafélagi Íslands og hefði samningur stefndu og stefnanda um störf verktakafyrirtækis á spítölunum því ekki staðist samkvæmt kjarasamningsákvæðinu.

Stefndu benda og á það, að niðurstaða verði hin sama, jafnvel þótt lítið verði svo á, að réttarsamband hafi stofnast milli aðilja. Ötvíráðar yfirlýsingar hafi verið gerðar um, að einhliða gjaldskrá stefnanda væri vísað á bug, og hafi læknunum verið fullkunnugt um synjun stefndu á þessum einhliða töxtum, sem upp hafi verið settir. Ekki hafi verið komist hjá því að óska eftir störfum lækna og hafi stefndu verið óbundnir af taxta stefnanda, sem þeir höfðu alfarið mótmælt.

Stefndu halda því fram, að málið sé einstakt í sinni röð. Að baki þess liggi kjaradeila, annars vegar þjóðfélagshóps, sem hafi aðstöðu til þess umfram allar aðrar stéttir að beita verkfallsvopninu á hinn grimmilegasta hátt, og hins vegar fulltrúa almannavaldsins í landinu. Félagið Læknafjónustan s.f. sé eingöngu tæki í höndum lækna í verkfallsbaráttu þeirra, sem hafi verið ólögleg í alla staði.

Stefndu hafa lýst því yfir hér í málinu, að þeir séu reiðubúnir og hafi ætíð verið reiðubúnir til að greiða einstökum læknum fyrir vinnuframlag

þeirra, meðan á uppsagnarástandinu stóð sl. vor, og þá eftir ákvæðum kjarasamnings aðilja, dags. 26. febrúar 1981, og viðbót við hann, dags. 24. júní 1981, en stefnandi þessa máls geti ekki verið aðili samkomulags um slíkar greiðslur.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst og óumdeilt í máli þessu, að lausráðnir sjúkrahúslæknar hafi staðið í langvarandi kjaradeilu við viðsemjendur sína, allt frá því félög þeirra sögðu upp gildandi kjarasamningi hinn 31. júlí 1979 miðað við 1. nóvember sama ár. Kjaradeilan stóð allt árið 1980, og varð ekki samkomulag, og lýsir málflutningur fyrir Kjaradómi í janúar 1981 hinum mikla mun, sem var á kröfum læknanna, t.d. 20% hækkun grunnkaups, og kröfum gagnaðilja. Dómur Kjaradóms um 6% grunnkaupshækkun hinn 21. febrúar 1981 var því fjarri því, sem læknar töldu sig geta sætt sig við, og brugðust þeir við dómi þessum með hópuppsögnum í marsmánuði. Kjaradeilunni lyktaði með samkomulagi, sem gert var hinn 24. júní 1981 um breytingu á nokkrum greinum kjaradóms. Gildistími kjaradóms er gildistími kjarasamnings læknafélaganna vegna lausráðinna sjúkrahúslækna og viðsemjenda þeirra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, til 26. febrúar 1982.

Með dómi Kjaradóms 26. febrúar 1981 komst á kjarasamningur milli Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kjör sjúkrahúslækna, og skyldi hann gilda til 26. febrúar 1982. Þótt samningur þessi hafi verið gerður með dómi, hefur hann að lögum öll sömu áhrif og frjáls kjarasamningur. Sjúkrahúslæknar vildu ekki una þessum samningi og sögðu upp störfum sínum í hópum, og voru uppsagnirnar liður í kjaradeilu þeirra og var ætlað að hafa áhrif á hana. Uppsagnirnar voru því brot á friðarskyldu þeirra á gildistíma kjarasamnings og því ólöglegt aðgerð. Stefndu hafa þó ekki leitað réttar síns sérstaklega vegna þessara ólögmetu aðgerða, heldur samið á ný við samningsaðilja, Læknafélag Íslands, um breytingu á þessum kjarasamningi.

Læknar þeir, sem sögðu upp störfum sínum á sjúkrahúsum, stofnuðu og gerðust starfsmenn sameignarfélags, sem þeir nefndu Læknabjónustuna s.f., og skyldi félagið annast sölu á lækniþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðilja. Félag þetta bauð sjúkrahúsum fram þjónustu lækna á spítölum með ákveðnum skilyrðum. Af hálfu stefndu var tilboði félagsins alfarið hafnað, og héldu stefndu sig við kjarasamninginn, sem í gildi var, en jafnframt kölluðu yfirlæknar til starfa á spítölum ýmsa lækna, sem þar höfðu starfað. Þessir læknar voru kallaðir til starfa af brýnni nauðsyn, enda verður að telja óumdeilt, að algjört öngþveiti og neyðarástand hefði skapast á sjúkrahúsum, ef læknarnir hefðu ekki verið kallaðir til starfa. Yfir-

læknar rituðu á vinnukort stefnanda og staðfestu vinnu lækna þeirra, sem kvaddir voru til starfa dagana 18. til 22. maí. Ekki er annað í ljós leitt en að þar hafi verið um persónuleg útköll lækna að ræða og í engum tengslum við félagið, sem er stefnandi í máli þessu. Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að yfirlæknar hafi snúið sér til félagsins eða trúnaðarmanna þess til þess að fá lækna til starfa, enda hefði slíkt verið brot á 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings þess, er í gildi var fyrir lækna.

Stefndu leiddu alfarið hjá sér félagið Læknabjónustuna s.f. og vísuðu gjaldskrá þess á bug, og mátti viðkomandi læknum, sem kvaddir voru til starfa eftir uppsagnir, vera ljóst, að stefndu hefðu ekki samþykkt skilyrði félagsins.

Því er ekki í móti mælt, að stefndu hafi boðist til að greiða læknum þeim, sem kallaðir voru til starfa og getið er um á vinnukortum stefnanda, laun samkvæmt samkomulagi því, sem gert var 24. júní 1981, sbr. kjarasamning aðilja í Kjaradómi. Því hefur verið hafnað, og snýst deila máls þessa því alfarið um réttmæti reiknings stefnanda á hendur stefndu.

Stefndu hafa lagt áherslu á það, að þessi krafa megi ekki ná fram að ganga, þar sem hvorki stefnandi né nokkur annar megi öðlast rétt með ólögmætum aðgerðum.

Þótt stefndu hafi gert samkomulag hinn 24. júní 1981 við viðsemjanda sinn, Læknafélag Íslands, um breytingar í kjaradómi frá 26. febrúar, verður ekki talið, að í því felist viðurkenning á ólögmætum aðgerðum þeim, sem fólust í hópuppsögnum sjúkrahúslækna.

Læknunum var frjálst að stofna hvaða félag sem var, ef það var í löglegum tilgangi, sbr. 73. gr. stjórnarskráinnar. Tilgangur Læknabjónustunnar s.f. var andstæður gildandi kjarasamningi lækna, bæði að því leyti sem félaginu var ætlað að koma í stað persónulegra ráðninga lækna til starfa á sjúkrahúsum og að því leyti sem félaginu var ætlað að taka annað gjald fyrir störf lækna á sjúkrahúsunum en það, sem ákveðið hafði verið í löglegum kjarasamningi. Þar sem hópuppsagnir lækna voru ólögmæt aðgerð, verður að telja, að aðferð þessi til að knýja fram bætur á kjörum hafi einnig verið ólögmæt, og ber að fallast á með stefndu, að þegar af þeirri ástæðu sé enginn lagalegur grundvöllur fyrir kröfu félagsins á hendur stefndu. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda, en rétt er, að málskotnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Læknabjónustunnar s.f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.